

## HPE-2016-04 Gistiþjónusta í Hrísey

Umsækjandi er Wave Guesthose Hrísey ehf. Sótt var um styrk fyrir hönnun og uppsetningu á heimasíðu, gerð kynningarbæklings, áætlunargerðar og bókhaldsvinnu. Eigendur Wave guesthouse ehf. eru hjón sem búa á Akureyri en áttu áður heima í Hrísey. Verkefnið fellur vel að þeim markmiðum Hríseyjar, perlu Eyjafjarðar, sem snúa að fjölbreyttari atvinnutækifærum. Ekkert gistiheimili er í Hrísey og er þetta þjónusta sem vantar.

Verkefnið fær styrk fyrir þeim verkþáttum sem töldust styrkhæfir þ.e. hönnun á heimasíðu, hönnun og prentun markaðsefnis auk áætlanagerðar.

Verkefninu var úthlutað 1.200.000 kr.- árið 2016.